

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 3. desember kl. 13:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn

Tekin voru til umfjöllunar og afgreiðslu reglugerðardrög um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2022 og áætlun um framlög sem á henni byggja.

Tillögur að úthlutun framlaganna voru unnar af vinnuhóp um útreikning framlaganna sem skipaður var tveimur fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, einum fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og tveimur fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í greinargerð vinnuhópsins kemur fram að þar sem engin reynsla er komin á framkvæmd laganna er ekki hægt að byggja fyrstu úthlutun á upplýsingum um kostnað sveitarfélaga og er því stuðst við áætlaða þörf sveitarfélaga.

Við mat hennar var horft til eftirfarandi þátta: Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi, fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum, fjöldi barna af lágtekjuheimilum og fjöldi barna af erlendum uppruna. Tillaga vinnuhópsins er sú að þessir þættir hafi jafnt vægi við skiptingu fjármagns milli sveitarfélaga. Heildarfjárhæð framlaga er 1.100 m.kr. á árinu 2022.

Samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að reglugerðardrögin og áætluð framlög sem á henni byggja verði samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið stundarfjórðungi fyrir klukkan tvö.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson